

Álit kæruneftndar lausafjár- og þjónustukaupa

Hinn 26. maí 2014 gaf kæruneftnd lausafjár- og þjónustukaupa svohljóðandi álit í málinu nr. M-3/2014:

I

Álitaefni og kröfugerð

Hinn 17. janúar sl. bað X, hér eftir einnig nefnd álitsbeiðandi, um álit kæruneftndar lausafjár- og þjónustukaupa vegna galla sem hún telur vera á heyrnartólum, sem hún keypti af vefversluninni Y, en fyrirsvarsmaður verslunarinnar er Z

búsett í Bretlandi, hér eftir einnig nefnd seljandi. Álitsbeiðandi krefst þess að kaupunum verði rift og hún að fái kaupverðið endurgreitt.

II

Málsmeðferð kæruneftndarinnar

Með bréfi, dags. 21. janúar sl., gaf kæruneftndin seljanda kost á andsvörum og bárust þau sama dag. Með bréfi, dags. 28. janúar, var álitsbeiðanda gefinn kostur á að gera athugasemdir við andsvörin og bárust þær hinn 31. janúar. Með bréfi, dags. 4. mars, var seljanda gefinn kostur á að koma að frekari andsvörum og bárust þau hinn 19. mars. Með bréfi, dags. 21. mars, var álitsbeiðanda gefinn kostur á að koma að frekari andsvörum og frestur til þess til 4. apríl. Engin frekari gögn bárust nefndinni. Með bréfi, dags. 21. maí, var aðilum tilkynnt að kæruneftndin hefði tekið málið til afgreiðslu.

III

Málavextir og rökstuðningur álitsbeiðanda

Í álitsbeiðni og gögnum sem henni fylgdu kemur fram að hinn 28. nóvember 2013 pantaði álitsbeiðandi heyrnartól á vefsíðu seljanda og greiddi fyrir þau kr. 14.900. Voru heyrnartólin sögð af gerðinni Monster Beats by Dr Dre Justin Bieber. Fékk álitsbeiðandi heyrnartólin í hendurnar hinn 7. desember og þurfti þá að greiða sendingarkostnað, en álitsbeiðandi segir að ekkert hafi komið fram við viðskiptin um að hún þyrfti að greiða þann kostnað. Um jólin segir álitsbeiðandi að heyrnartólin hafi verið opnuð og þá hafi komið í ljós að um svikna vöru var að ræða. Hinn 28. desember segist álitsbeiðandi hafa sent seljanda skilaboð og látið vita að heyrnartólin væru ekki ekta og að búið væri að fá álit frá öðrum aðila sem staðfesti að heyrnartólin væru svikin vara. Fór álitsbeiðandi fram á endurgreiðslu. Segir álitsbeiðandi að seljandi hafi svarað og virst undrandi á málinu en viljað fá frest til að gefa frekari svör fram yfir áramót. Hinn 7. janúar sl. mun seljandi síðan hafa svarað álitsbeiðanda og sagt henni að heyrnartólin væru ekta. Segir álitsbeiðandi að þetta geti ekki staðist. Heyrnartólin sem hún hafi fengið afhent séu augljóslega notuð og eftirlíking, enda hafi málningin verið flögnuð af þeim á stöku stað auk þess sem margt fleira bendi til þess að heyrnartólin væru eftirlíking. Segist álitsbeiðandi hafa í kjölfarið ítrekað kröfu sína um að fá heyrnartólin endurgreidd, en því hafi verið hafnað.

IV

Andsvör seljanda

Í andsvörum seljanda kemur fram að seljandi telur að heyrnartólin séu ekki eftirlíking, hins vegar geti verið að málningin utan á heyrnartólunum sé gölluð. Bendir seljandi á að um hafi verið að ræða ódýrustu gerð af heyrnartólunum og að auki hafi þau verið þriggja ára gömul. Því hafi verðið á þeim verið aðeins um kr. 15.000 á meðan að ný sams konar

heyrnatól kosti á bilinu kr. 50-70.000. Segist álitseiddandi kaupa heyrnatólin frá stórrí heildsölu í Bretlandi og þar á bæ sé ekkert vafasamt, því geti ekki verið að heyrnatólin séu eftirlíking. Seljandi segist þó tilbúin til að leggja álitseiddanda til önnur heyrnatól vegna fyrnefndra málningskemmda.

V

Athugasemdir álitseiddanda við andsvör seljanda

Í athugasemdum álitseiddanda við andsvör seljanda kemur fram að álitseiddandi sé tilbúinn til að ljúka málinu gegn því að seljandi afhendi sér ný hernartól, nákvæmlega eins og þau sem henni hafi verið sendar myndir af hinn 7. janúar sl. og þau sömu og séu á mynd á umbúðum utan um heyrnatólin. Sé það ekki í boði segist álitseiddandi vilja halda málinu áfram. Segir álitseiddandi að engu máli skipti hvaða árgerð heyrnatólin séu, hún hafi viljað kaupa Dr. Dre heyrnatól en fengið senda eftirlíkingu. Þetta segist álitseiddandi hafa fengið staðfest frá hólendri raftækjaverslun.

VI

Frekari andsvör seljanda

Í frekari andsvörum seljanda kemur fram að álitseiddandi hafi fengið nákvæmlega sömu heyrnatól og aðrir viðskiptavinir seljanda. Hafnar seljandi því að um sé að ræða svikna vöru og ítrekar að um sé að ræða gamla og ódýra útgáfu af heyrnatólunum. Meðfylgjandi frekari andsvörum seljanda voru myndir af heyrnatólunum og umbúðum utan af þeim.

VI

Niðurstaða kæruneftdarinnar

Kæruneftnd lausafjár- og þjónustukaupa telur að ágreiningur álitseiddanda og seljanda falli undir valdsvið neftdarinnar, sbr. lög nr. 87/2006 um breytingu á lögum um lausafjárkaup, lögum um þjónustukaup og lögum um neytendakaup og 1. mgr. 7. gr. reglugerðar nr. 766/2006 um kæruneftnd lausafjár- og þjónustukaupa. Ágreiningur aðila fellur undir nr. 48/2003 um neytendakaup.

Eins og að framan er rakið keypti álitseiddandi heyrnatól af seljanda hinn 28. nóvember 2013 fyrir kr. 14.900. Voru heyrnatólin af gerðinni Monster Beats by Dr Dre Justin Bieber. Álitseiddandi telur að heyrnatólin séu eftirlíking, þ.e. að þau séu ekki framleidd af framleiðandanum Monster og krefst þess að kaupunum verði rift. Segist álitseiddandi hafa staðfestingu á þessari fullyrðingu sinni frá hólendri raftækjaverslun. Seljandi hefur hafnað þessu og vísað til þess að heyrnatólin séu gömul og um sé að ræða ódýra gerð þeirra.

Kæruneftndin hefur skoðað umrædd heyrnatól. Hafa þau að mestu sömu útlitseinkenni og heyrnatól sem sannarlega eru af gerðinni Monsters Beats By Dr Dre en slík heyrnatól munu vera algeng, en nokkuð dýr söluvara. Fékk starfsmaður kæruneftdarinnar aðgang að öðrum heyrnatólum í raftækjaverslun, sem staðfest er af eru af gerðinni Monsters Beats By Dr Dre. Voru heyrnatólin borin saman. Í fyrsta lagi voru umbúðir utan af heyrnatólunum sem skoðuð voru í versluninni úr þykkara pappaefni og í öðrum lit en umbúðir utan af heyrnatólum álitseiddanda, sem og að prentun umbúðanna var miklum mun vandaðri. Þá vantaði ýmsa íhluti í heyrnatól álitseiddanda sem bæði voru tilgreind á umbúðum með þeim, svo sem eins og hlíf utan um heyrnatólin, sem og annað, t.d. sérstakan takka á snúru, sem er að finna á öllum ekta heyrnatólum af framangreindri gerð. Heyrnatólin sjálf voru síðan frábrugðin eintakinu úr versluninni að því leyti að fleiri íhlutir þeirra voru úr plasti, á meðan eintakið úr versluninni státaði af ýmsum málm- og gúmmíhlutum í stað plastics. Þá var svonefnt „Beats“ vörumerki á utanverðum heyrnatólunum ekki grafið í heyrnatól álitseiddanda, en svo var farið í heyrnatólunum úr versluninni. Telur kæruneftndin ljóst að

heyrnartól álitsbeiðanda séu eftirlíking. Mun vera alþekkt að eftirlíkingar af Monsters Beats By Dr Dre séu seldar um heim allan. Eru heyrnartólin og umbúðir utan um þau afar keimlík upprunalegu vörinni, en eiginleikar þeirra, t.a.m. hljómgæði og ending, eru síðri. Telur því kærunefndin að umrædd heyrnartól fullnægi ekki þeim kröfum sem leiði af samningi aðila í skilningi 1. mgr. 15. gr. laga nr. 48/2003 um neytendakaup, þ.e. að heyrnartólin hafi ekki haft þá eiginleika sem leiða mátti af samningi aðila. Með orðalaginu „leiðir af samningi“ er m.a. tekið tillit til forsendna álitsbeiðanda við kaupin, sem seljanda mátti vera vel kunnugt um. Kærunefndin vill þó taka fram að ekkert bendir til þess að seljandi hafi gert sér grein fyrir að heyrnartólin væru eftirlíking, en grandleysi seljanda skiptir hins vegar engu máli um niðurstöðu nefndarinnar í málinu. Samkvæmt framansögðu eru heyrnartólin því haldin galla í skilningi 1. mgr. 16. gr., sbr. 15. gr. laganna.

Í 26. gr. neytendakaupalaga er kveðið á um úrræði neytanda vegna galla. Segir þar m.a. eftirfarandi í 1. mgr.:

„Ef söluhlutur reynist gallaður og gallinn er hvorki sök neytanda né stafar af aðstæðum sem hann varða getur neytandi:

- a. haldið eftir greiðslu kaupverðs samkvæmt ákvæðum 28. gr.;
- b. valið milli úrbóta eða nýrrar afhendingar samkvæmt ákvæðum 29. og 30. gr
- c. krafist afsláttar samkvæmt ákvæðum 31. gr.;
- d. krafist riftunar samkvæmt ákvæðum 32. gr.;
- e. krafist skaðabóta samkvæmt ákvæðum 33. gr.“

Kröfugerð álitsbeiðanda í máli þessu er takmörkuð við riftunarkröfu, þ.e. að álitsbeiðandi hefur krafist þess að seljandi endurgreiði sér kaupverð heyrnartólanna, kr. 14.900. Fellst kærunefndin á þá kröfu en þar eð ekki er gerð krafa þar um, fjallar kærunefndin ekki um sendingarkostnað sem álitsbeiðandi mun hafa greitt vegna kaupanna. Kærunefndin telur einnig rétt að taka fram að óski seljandi þess, í kjölfar endurgreiðslu, ber álitsbeiðanda að skila honum heyrnatólunum. Komi til skila, skulu þau fara fram álitsbeiðanda að kostnaðarlausu.

VI

Álitsorð

Seljandi, Z, greiði álitsbeiðanda, X, kr. 14.900.

Pétur Örn Sverrisson
formaður

Jón Rúnar Pálsson

Hildigunnur Hafsteinsdóttir